

Lög

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

4. tölul. 3. mgr. 13. gr. b laganna fellur brott.

2. gr.

Við 13. gr. j laganna bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu afborganir og verðbætur af höfuðstól skuldabréfa ekki undanþegnar bannákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr. c.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. n laganna:

a. Orðin „2. mgr. 13. gr. b“ í 4. mgr. falla brott.

b. Við bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr., svohljóðandi:

Innstæður í reiðufé í erlendum gjaldeyri í eigu lögaðila skv. 4. mgr. hjá erlendum fjármálafyrirtækjum eða hjá Seðlabanka Íslands eins og þær stóðu við lok dags 12. mars 2012 skulu jafnframt undanþegnar bannákvæði 2. mgr. 13. gr. b. Fjármagnshreyfingar sem framkvæmdar eru á grundvelli 1. másl. þessarar málsgreinar skulu tilkynntar Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skal svo fljótt sem við verður komið setja reglur um hvernig undanþágur frá 2. mgr. 13. gr. b verða veittar vegna reiðufjár í erlendum gjaldeyri sem til fellur eftir 12. mars 2012 og er í eigu lögaðila skv. 4. mgr. hjá erlendum fjármálafyrirtækjum eða hjá Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda lög þessi alla þegar við birtingu.

Samþykkt á Alþingi 13. mars 2012.

